

# Að njóta góðs af fjölbreyttum auðlindum nemenda og háskólakennara

- Námssamfélag um meistaraverkefni í tómstunda- og félagsmálafræði

Oddný Sturludóttir og Eygló Rúnarsdóttir

**Ráðstefna kennsluakademíu opinberu háskólanna, 22. nóvember 2024**

NÁMSBRAUT Í TÓMSTUNDA- OG FÉLAGSMÁLAFRÆÐ - MENNTAVÍSINDASVIÐ

# Meistaranám í TÓS í sókn

- 10 nemendur 2018, 42 nemendur 2020, 30 nemendur 2022 (bæði M.Ed. og viðótardiplóma)
- Árið 2024 eru 52 nemar í heildina
  - 28 í M.Ed. námi + 3 í MFK = 31 sem mun vinna að lokaverkefni
- 30e M.Ed. lokaverkefni hafa reynst nemendum fjötur um fót
- 4 m.kr. styrkur fékkst árið 2022 frá kennslumálasjóði HÍ
- *Samstarf innan og utan Menntavísindasviðs um lokaverkefni meistaranema í ört stækkandi hópi framhaldsnema í tómstunda- og félagsmálafræði*
  - **Til að þróa námssamfélag um meistaraverkefni**
- Helstu samstarfsaðilar
  - Prófessorarnir í **SvaKaHaf** eru mentorar **JOE**
    - Svanborg R. Jónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir og Hafdís Guðjónsdóttir
  - Kennslumiðstöð HÍ
    - SVÓT greining, ráðgjöf, rýnihópaviðtöl við nemendur
  - Meistaranemarnir sjálfir
    - 10 nemendur í upphafshópnum / janúar 2023
    - 5 þeirra hafa útskrifast
    - 2024-2025: 15 meðlimir – misvirkir þó



Dixit úr 1. smiðju: Hvaða mynd lýsir vegferðinni framundan?



Jakob leiðir gildavinnu – með dyggri aðstoð meistaranema

# Hvað er svo þetta námssamfélag?

- Smiðja á þriggja vikna fresti
  - Föstudagsmorgna kl. 9-11
  - Kaffi og te í umsjón kennara
  - *Meððí* í boði nemenda – skiptast á
- Dagskrá smiðjanna
  - Stutt *check-in* frá þátttakendum
  - MÚS-armiðar úr síðustu smiðju
    - *„Hvað tek ég með mér úr smiðju dagsins?"*
    - *„Hvaða væntingar hef ég til næstu smiðju?"*
  - Stutt og lengri innlegg – oft byggt á væntingum nemenda
  - Ritun í þögn í 45-60 mínútur
    - Örsamtöl eftir þörfum við leiðbeinendur/kennara afsíðis



Lygilega góð gulrótarkaka, bökuð af meistaranema

# Hvað veitti okkur innblástur úr fræðunum?

- Nemendur fá rými til að deila reynslu sinni, viðhorfum og fræðilegri þekkingu (Svanborg R. Jónsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Karen Rut Gísladóttir, 2018)
- Bjargráðum fjölgar, fjölbreyttar auðlindir, samstarf og traust styrkist
- Sameiginleg leiðsögn eflist í ferlinu og trú kennara á eigin getu
- „Milli"rými skapast þar sem gefst tækifæri til að fara í könnunarleiðangur um menningu, hlutverk og sýn (Svanborg R. Jónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2015)
- Einangrun nemenda er rofin, stuðningur eykst þeirra á milli (Hafdís Guðjónsdóttir, Svanborg R. Jónsdóttir og Karen Rut Gísladóttir, 2017)
- Fjölbreytt félagslegt landslag þekkingar – reynsla meistaranemanna (Hafdís Guðjónsdóttir, Svanborg R. Jónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir, Edda Óskarsdóttir og Anna Katarzyna Wozniczka, 2022)
- Völd og siðferðileg álitamál, rödd nemenda og dómgreind leiðbeinenda (Karen Rut Gísladóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir, 2019)

# Gögnin sem safnað hefur verið í ferlinu

- **Vinnusmiðjur SvaKaHaf og JOE – grunnurinn lagður**
- SVÓT greining leiðbeinenda í samstarfi við Kennslumiðstöð
- **Rýni leiðbeinenda og mentors vorið 2024 „Stokkseyrargögnin“**
- MÚS-ar miðar úr 26 smiðjum
- **Rýnihópur nemenda**
- Dixit og gildi úr fyrstu smiðju 2023
- Ljósmyndir teknar á vettvangi smiðjanna og á vinnufundum
- Fundargerðir JOE og SvaKaHaf
- Leiðarglærur úr námssamfélaginu
- Mánudagspóstar nemenda til leiðbeinenda
- **Hugarflæði og ígrundun leiðbeinenda frá upphafi verkefnis**
- Facebook síða námssamfélagsins
- Vinnusmiðja með vettvangi
  - Vorið 2024 – 60 manns komu saman til að ræða tengsl rannsókna og vettvangs frístunda- og æskulýðsstarfs

**Reynslunámið er sérstaða okkar í TÓS. Þar er okkar tónn - okkar ígrundun**
**- Úr vinnusmiðju með SvaKaHaf í júní 2022**



# Þræðir úr Stokkseyrargögnunum

- Samspil rannsókna og vettvangs
- Hvernig búum við til samfélag?
- Vaxið í takt – auðlindir nemenda og kennara
- Að tilheyra námssamfélagi meistaranema í tómstunda- og félagsmálafræði
- Sterkur leiðtogi – auðmjúkur nemandi
- Glíman við efann





„…ég held að það sé þetta að vera sko samferða og eiga sér samverkamann í leiðsögn. Það er einhvern veginn svo góð tilfinning. Fyllir mann öryggi.“

- Leiðbeinandi á Stokkseyri í júní 2024

# Hvernig stigum við inn í hugmyndir um hópleiðsögn?

- **Sýndum berskjöldun og auðmýkt**

  - „Þarna vorum við svona hálfnuð. Og þá kom þetta fram að efla trú okkar á eigin getu, **draga úr efa og kvíða**. Þarna finnst mér ég til dæmis, þetta tengi ég mjög sterkt við. Þannig að þetta stóðst“.
    *– Rödd leiðbeinenda úr Stokkseyrargögnum vor 2024*

  - „… það er líka þessi, ólíka reynsla ykkar sem þið komið með hérna inn, en eh… samt á sama tíma og þið eruð líka að styrkj a fagvettvanginn þá eruð þið líka að styrkja ykkur sem leiðbeinendur fyrir þennan fagvettvang. Þú veist, það er alveg ótrúlega mikilvægt. **Og þá er það þetta “vulnerability” líka sko gagnvart hvað – hvað eruð þið að læra bara um leið og þið eruð að læra um áskoranir þeirra?“**
    *- Mentor JOE úr Stokkseyrargögnum vor 2024*

- **Með væntingar til okkar og nemenda**

  - „Af því að X prófessor ætlar að vera sérfræðingur og hún þarf bara að geta lesið þetta **án þess að blæði úr augunum á henni, skilurðu**…“

  - „En. Þú veist ég finn alveg líka að við erum að **sanna virði M.Ed. verkefna**, í tómstunda- og félagsmálafræði innan sviðsins.“

  - „En stundum þarf maður að læra nóturnar til að geta impróviserað þú veist, þannig að ég er bara þar. **Ég var bara í fyrsta sinn, hann var klárlega að gera þetta í fyrsta sinn** [hlær við] og þá heldur maður í rammann, alveg bara kzzzz!“

*- Raddir leiðbeinenda úr Stokkseyrargögnum vor 2024*

# Hvernig stigum við inn í hugmyndir um hópleiðsögn?

- **Af umhyggju fyrir nemendum okkar**
  - „Að okkur er svo **annt um nemendur okkar**, við erum inní þeirra málum. Þetta er námssamfélag, ekki bara við leiðbeinendur nemenda, heldur einhvern veginn allra."
  - „Þetta var svona fallegasta mómentið í okkar leiðsagnarferli. Þarna fann ég að hann var byrjaður að fljúga, þarna var hann bara byrjaður [...] að fræða sína kollega [...] **Hann dreymdi um að leiða fram niðurstöður fyrir sinn fagvettvang** [...] Það var svo fallegt móment."
- **Af eldmóði fyrir fagvettvangnum**
  - „Bara stundum finnst mér, erum við bara eins og **stuðningur við þau í starfi**, þú veist í gegnum rannsóknir þeirra?"
  - „Já. Þau læra og, þau hafa lært, já, þau hafa lært af hverju öðru um .... **og við náttúrlega missum okkur** þegar þau byrja að segja frá verkefnum sínum, förum að spyrja..."
  - [Um nemanda] „Ég verð að gera þetta vel, ég skulda vettvanginum það, allt svigrúmið og þú veist, **að sanna sig og sanna tilvist vettvangsins** og mikilvægi ..."
    - *Raddir leiðbeinenda úr Stokkseyrargögnum*

# Efi, það er alltaf efi…

- Væntingar nemenda oft ekki í takt við raunveruleikann
  - samanber ósk um að fjölga tímum - „en svo mæta þau verr?“
- „Mánudagspóstar - af hverju koma þeir ekki?“
- „Föstudagsmorgnar virðast heppilegastir – en af hverju er mætingin þá slök?“
    - *Nótur úr djúpköfun JOE í nóvember 2023*
- „Erum við að þjónusta þau of mikið?“
    - *Leiðbeinandi á Stokkseyri í júní 2024*
- „Við höfum óbilandi trú á nemendum okkar – það er bæði plús og minus“
    - *Leiðbeinandi í vinnusmiðju með SvaKaHaf í júní 2022*

**Jólafundur námssamfélagsins 2023 -Hafþór Guðjónsson, prófessor emerítus kom í heimsókn**






# Nemendur upplifa stuðning og umhyggju

- „Það er svo mikill stuðningur, það er bæði **jafningjastuðningur** og aðgengi að sérfræðingunum okkar, sem sagt kennurunum“
- „Maður finnur að **maður skiptir máli**, þú veist, maður upplifir það frá þeim öllum, það er haft samband“ [innsk: ef þau mæta ekki]
- „Aðal þemaorðið hérna er **pepp!**“

*- Raddir nemenda í rýnihópi*

# Námssamfélagið eflir trú nemenda á eigin getu

- **Sterk sjálfsmynd sem fagfólk á vettvangi en sjálfsefi varðandi meistaraverkefni**
- „Svo fer maður í námssamfélagið, **þá kemur peppið aftur**, og þannig svona nær maður að malla þetta áfram þangað til að maður er kominn í flæðið…“
- **Námssamfélagið býður upp á vettvang til berskjöldunar**
- „Ég til dæmis á það til að **brjóta mig svolítið mikið niður**, svona ef maður er ekki að gera nógu vel og standa sig en svo kemur maður á fund og þá kemst maður að því að það eru bara allir í svipaðri stöðu, að einmitt gera það sama og þú veist, það gefur manni svo mikinn styrk…“
- „Guð, ég get ekkert gert þetta! **Ég kann þetta ekkert**!“

*- Raddir nemenda úr rýnihópi*




**Á málstofu meistaranema haustið 2024, Hafdís og Andrea kynna lokaverkefni sín Mjög stoltir leiðbeinendur!**

# Námssamfélag aðgangur að fjölbreyttum auðlindum

- „Maður fær líka svona beinan aðgang að fleiri, þú veist, maður er með sinn leiðbeinanda, sem hefur ákveðna sérþekkingu sem að tengist okkar verkefnum… en svo eru, þú veist, maður er að **spegla sig við hina leiðbeinendurna** líka sem að sjá hlutina öðruvísi, sem að **gefur manni svona dýpri sýn**…“
- „Og þetta **auðgar** svo mikið, í staðinn fyrir að fá eitt „view…“

↘ **Skýrara eignarhald nemandans á eigin verki?**

Mínar væntingar til næstu meistarasmiðju

- Mig langar að sækja mér sama innblástur og ég tók með mér úr síðasta tíma og í raun úr öllum tímum. Svo ofboðslega nærandi og gott samfélag að vera í!
- Fá kraft úr spjallinu, styrkja mig í þessu öllu saman <3
- Standa við markmiðin
- Að viðhalda þessu peppi sem hefur umvafið mig síðustu vikur

MÚS-ar miðar nemenda

# Að festa námssamfélag um meistaraprófsverkefni í sessi

- Fyrir nemendur
  - sem upplifa stuðning og aukna trú á eigin getu
  - sem efla um leið eigin stöðu og styrkja ört vaxandi fagvettvang
- Fyrir kennara
  - sem efla trú á eigin getu
  - sem fá dýrmæta starfsþróun í leiðsögn meistaraverkefna
  - sem tilheyra námssamfélagi jafningja
- Fyrir Háskóla Íslands
  - sem útskrifar meistaranema - einingar sem skila sér í hús!

- Af hverju?

- er í takt við rannsóknir sem gefa vísbendingar um mikilvægi tengsla milli leiðbeinenda og nemenda í leiðsagnarferlinu

(sjá t.d. Grohnert og félagar, 2024)



**Ljósmynd tekin í Stakkahlíð að lokinni síðustu smiðju vor 2023**

- Gæði felast líka í félagslegum tengslum og þekkingarsköpun með **gleði í hjarta**

# Hvað tekur við?

- Standa þarf vörð um...
  - þá þekkingu sem hefur byggst upp í verkefninu
  - gæði leiðsagnar

- Verkefnastjórn og teymisvinna innan brautar?
- Námskeið – einingabær málstofa?
- Námssamfélag sem félag nemenda?
  - Nemendastýrt?
- Meistaragráða án lokaverkefnis
  - MT-leið?

Hvernig styður kerfislæg umgjörð Háskóla Íslands við þróun námssamfélaga og hópleiðsögn meistaraverkefna?



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Er skátastarf opið öllum?**

Sýn skátaforingja á inngildingu jaðarsettra hópa í skátastarfi

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**„Á endanum snýst þetta allt um börnin“**

Hvað einkennir fyrirmyndarsamstarf frístundaheimila og grunnskóla? Hvað styður og hvað hindrar?

Hafdís Oddgeirsdóttir

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**„Vettvangsstarf er lífsnauðsynlegur hlekkur í stuðningskerfi varðandi börn“**

Sýn fagfólks á vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík

Andrea Marel

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Lærdómssamfélag á vettvangi frístundastarfs**

Birtingamyndir og áskoranir að mati reyndra forstöðumanna

Viktor Orri Þorsteinsson

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Hópefli í kennslu sem forvörn gegn einelti**

Kennsluefni fyrir hópefli

Sunneva Mist Ingvarsdóttir

# Heimildir


- Grohnert, T., Gromotka, L., Gast, I, Delnoij, L. og Beausaert, S. (2024). Effective master´s thesis supervision – A summative framework for research and practice. *Educational research review, 42*(1)
- Hafdís Guðjónsdóttir, Svanborg R. Jónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir, Edda Óskarsdóttir og Anna Katarzyna Wozniczka. (2022). Gildi meistaraprófsverkefna fyrir fagmennsku uppeldisstétta: Reynsla útskrifaðra meistaranema. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun* (Sérrit til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni)
- Hafdís Guðjónsdóttir, Svanborg R. Jónsdóttir og Karen Rut Gísladóttir. (2017). Collaborative supervision: Using core reflection to understand our supervision of master´s projects. Í Brandenburg, R. Glasswell, K., Jones, M. og Ryan, J. (ritstj.), *Reflective theory and practice in teacher education* (bls. 237-255). Springer.
- Karen Rut Gísladóttir, Hafdís Guðjónsdóttir, og Svanborg R. Jónsdóttir. (2019). Self-study as a pathway to integrate research ethics and ethics in practice. Í Brandenburg, R. og McDonough, S. (ritstj.), *Ethics, Self-Study Research Methodology and Teacher Education* (bls. 81-95). Springer Nature Singapore.
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Eygló Rúnarsdóttir og Lóa Guðrún Gísladóttir. (2024). „Gott nám er eitthvað sem hvetur mann til þess að vaxa" – Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á gæði náms og kennslu í háskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Eygló Rúnarsdóttir, Védís Grönvold og Lóa Guðrún Gísladóttir. (2022). Tækifæri eða tálsýn? – Kannslukannanir og annað mat á gæðum náms og kennslu. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*.
- Svanborg R. Jónsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Karen Rut Gísladóttir. (2018). Að vinna meistaraprófsverkefni í námssamfélagi nemenda og leiðbeinenda. *Tímarit um uppeldi og menntun, 27*(2), 201-223.
- Svanborg R. Jónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. (2015). Using self-study to develop a third space for collaborative supervision of Master´s projects in teacher education. *Studying teacher education: A journal of self—study of teacher education practices*.